

Háskóli Íslands Jarðvísindastofnun - Askja
Sturlugötu 7
101 Reykjavík

Vestmannaeyjum 5. september 2017
UST201708-150/P.V.B.
09.07.02

Efni: Borverkefni í Surtsey – framlenging á leyfi

Umhverfisstofnun hefur móttækið þrjú erindi Magnúsar Tuma Guðmundssonar, dags. 28. ágúst um breytingar á tímaplani í Surtsey, dags. 31. ágúst um frágang í Surtsey og dags. 4 september um framlengingu á framkvæmdarleyfinu.

Surtsey var friðlýst árið 1965. Markmiðið með friðlýsingu Surtseyjar er að tryggja að þróun eyjarinnar verði eftir lögmálum náttúrunnar og að tryggt verði að landnám plantna og dýra, framvinda lífríkis og mótun jarðmyndana verði með sem eðlilegustum hætti. Til þess að tryggja þetta er aðgangur manna að eyjunni takmarkaður. Til þess að fá að ganga í land í Surtsey eða kafa við eyjuna þarf að sækja um sérstakt leyfi til Umhverfisstofnunar. Samkvæmt auglýsingu friðlandsins nr. 50/2006 er heimilt að veita leyfi til ferða út í Surtsey til rannsókna og verkefna tengdum þeim.

Lýsing framkvæmdar:

Um er að ræða verkefni sem stofnunin veitti leyfi fyrir þann 14. júlí síðastliðin vegna borunar tveggja rannsóknarborhola í Surtsey í ágúst 2017. Tafirnar má rekja til vandræða við dælingu vatns að borstaðnum og að endurbora þurfti lóðréttu holuna eftir að hrun varð í henni. Þann 31. ágúst sl. var lögð fram áætlun um hvernig frágangi í eyjunni er háttað. Byrjað var á því að fjarlægja allan búnað af tanganum nyrst á eyjunni þann 4. september og verður hann geymdur við Pálsbæ fram að flutningi búnaðar frá eyjunni þann 10. september. Þá er óskað eftir því að fyrri lóðréttu holan sem boruð var fái að standa. Ekki reyndist unnt að fjarlægja borstálið úr holunni vegna hrunsins. Af þeim sökum er holan fóðruð og er óskað eftir að leyfi fái til að ganga frá henni með sambærilegum hætti og seinni lóðréttu holan á yfirborði þ.e. með holutoppi svo hægt verði að nýta hana til rannsókna í framtíðinni. Þar sem ekki er hægt að ganga með fullnægjandi hætti frá svæðinu fyrr en búíð er að fjarlægja bor og önnur mannvirki er óskað eftir því að 3-4 menn fái að verða eftir í eyjunni þann 10. september og myndu þeir sjá um að laga jarðrask sem var undir þeim mannvirkjum sem komið var tímabundið fyrir í eyjunni. Áætlað er að það muni taka þá 2-3 daga að sinna fráganginum.

Ahrifamat:

Umhverfisstofnun telur að ekki sé líklegt að framlenging verkefnisins til 13. september hafi neikvæð áhrif á lífríki eyjarinnar. Umferð fólks á tanganum í tengslum við dælingu sjós til kælingar á bornum var þó talin geta haft neikvæð áhrif á dýralíf svæðisins þar sem útselur fer að koma í land til kæpingar og voru því gefnar leiðbeiningar um að stýra umferð fólks um svæðið og fjarlægja búnaðinn af tanganum við lok borunar. Umhverfisstofnun fellst á að gengið verði frá hrunholuni með þeim hætti sem umsækjandi lýsir í erindi sínu að því gefnu að hún verði nýtt til rannsókna. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við frágangsaætlun umsækjanda en mun taka út svæðið að frágangi loknum.

Umhverfisstofnun heimilar fyrir sitt leyti breytingu á leyfi dags. 14. júlí, frágangsaætlun umsækjanda og ósk um að lenga tímabilið sem dvalið er í eyjunni vegna verkefnisins með eftirfarandi skilyrðum:


- Óheimilt er að lenda þyrlu á tanganum í tengslum við frágang og flutning búnaðar.
- Búnaður og tunnur með afgangi af eldsneyti sem fluttur verður af tanganum skal geymdur við sambærilegar aðstæður við Pálsbæ þar til flutningur þeirra af eyjunni fer fram, þ.e. á fjórföldum olíuvarnardúk.
- Gjóska sem notuð var til að fergja dúka undir eldsneyti og bílastæði sexhjóls skal flutt af eyjunni til förgunar vegna hættu á olíusmiti.
- Ganga skal tryggilega frá öllum búnaði fyrir flutning.
- Vandað verði til frágangs í kringum holutoppa allra borholana.
- Mengunarvarnarbúnaður skal vera tiltækur þar til öll mengandi efni eru farin frá eyjunni.
- Umferð um tangann 1.-13. september er takmörkuð við viðhald á sjódælubúnaði og bundin við svæði meðfram vatnsleiðslu og þar sem dælubúnaður er staðsettur. Eftir að búnaður hefur verið fjarlægður af tanganum er umferð um tangann óheimil nema með leyfi starfsmanns friðlandsins.
- Reka skal niður númeraða hæla á þeim stöðum þar sem vitað er að næringarríkt vatn hefur runnið niður í sandinn/gjóskauna, þ.m.t. við leka samsetningu á frárennislögn, vatnsrof við setker, affallsholu fyrir safnker frá eldhúsi og baðaðstöðu. Skrá skal hvaða starfsemi fór fram á hvaða stað til þess að unnt sé að bregðast við ef þörf er á s.s. ef óeðlileg búsvæði plantna myndast við hælana.


- Öllum frágangi verði lokið þann 13. september og þeir sem koma að framkvæmdinni hafa yfirgefið eyjuna.

Eftirlit

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun. Innheimt verður fyrir eftirlitið samkvæmt gjaldskrá stofnunarinnar 13.200 kr/klst.

Virðingarfyllt


Sigrún Ágúsdóttir
Sviðstjóri


Þórdís Vilhelmina Bragadóttir
Sérfræðingur